

Menntaskólinn á Akureyri
Vím 102 – Víman, listin og lífið
Frjálst val í 3.-4. bekk – Vorönn 2012
Kennari: Stefán Þór Sæmundsson (stefan@ma.is)

Áfangalýsing

Fjallað verður um fíkn, vímuefni, meðvirkni, forvarnir, meðferð, heilbrigðan lífsstíl og ýmis hættumerki. Eftir föngum verður efnið tengt við listgreinar og lífið sjálft og verða tekin skýr dæmi úr bókmenntum, tónlist, bíómyndum og af götunni. Áfanginn skiptist nokkurn veginn að jöfnu milli fræðslu kennarans og vinnu nemenda.

Markmið

Höfuðmarkmiðið með þessum áfanga er að upplýsa og fræða, efla gagnrýna hugsun, hlýða á sjónarmið nemenda og gera þá hæfari til að taka ákvarðanir um eigin lífshætti. Lögð er áhersla á eflingu sjálfsmyndar, heilbriggt félagslíf og fræðslu um fíkniefni og áhættuhegðun. Valkostir lífsins verða reifaðir og stefnt er að því að nemendur verði færir um að miðla öðrum af þekkingu sinni.

Námsefni

- ▲ Margvíslegt efni á moodle, m.a. glærur frá kennara
- ▲ Valbók (sjá lista á moodle þegar að þessu verkefni kemur)
- ▲ Einnig verður stuðst við fræðslumyndbönd og bæklinga
- ▲ Margt af námsefninu finna nemendur sjálfir eða búa til
- ▲ Gagnlegt og eigulegt rit er: *Fíkniefni og forvarnir – handbók fyrir heimili og skóla*. 2001. Fræðslumiðstöð í fíknivörnum, Reykjavík.

Námsmat

Valbók (2 saman): 20%
Þemaverkefni (hópvinna): 30%
Vinnueinkunn og smáverkefni (moodle): 20%
Þekkingarpróf í maí: 30%

Kennsluhættir

Fyrirlestrar, myndbönd, umræður, samvinnuverkefni, gestafyrirlestrar, heimsóknir, rannsóknarvinna og uppgötvunarnám, framkoma og tjáning, margmiðlun.

Kennsluáætlun

Vikuskipulag verður á moodle og nemendur geta þar séð tímanlega hvaða verkefni eru framundan. Þeir verða því að fylgjast með moodle í hverri viku enda eru verkefnaskil þar. Að öðru leyti vísast til lista yfir viðfangsefni á næstu síðu.

Kröfur

Virkni og gagnrýnin hugsun eru lykilþættir í áfanganum. Af þeim sökum og vegna þess að ekki er lokapróf verður gerð krafa um lágmarksmætingu (85%).

Viðfangsefni áfangans - tengd við persónulega reynslu og samfélagið eftir þörfum

Alkóhólismi – fíkn

Áfengi
Kannabisefni
Örvandi efni
Lyfseðilsskyld lyf
Tóbak
(ofskynjunarefni og leysiefni í framhjáhlaupi)

Aðrar fíknir eða áráttur/stjórnleysi

Matur, sykur og átröskun
Ást, kynlíf, klám
Útlitsdýrkun (vöðvafíkn)
Hreyfing, endorfínnautn
Tölvufíkn

Meðvirkni

Börn alkóhólista, fíkla, geðsjúkra
Makar og aðrir aðstandendur
(Ýmis persónueinkenni sem rekja má til meðvirkni)

Forvarnir

Foreldrar og heimili
Skólar
Hið opinbera (stjórnvöld, Lýðheilsustöð, lögregla, kirkja)
Félagasamtök og áhugafólk
Vefsíður

Meðferð og eftirfylgni

SÁÁ
Önnur félagasamtök, trúfélög
Ríkisrekin sjúkrahús
12 spora samtök
Fangelsi?

Hindranir

Jákvæð umfjöllun um fíkniefni á vefsíðum
Áhersla á einstaklingsfrelsi á öllum sviðum
Félagsskapur, tómstundir
Samfélagslegt viðhorf til áfengisneyslu
Fordómar, skömm
Refsikerfið?